

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS
FJÖLRIT NR. 9

Rannsóknir í Skerjafirði

I. Botndýralíf

Niðurstöður könnunar í júní 1975

Arnbjörn Garðarsson
Kristín Aðalsteinsdóttir

Reykjavík 1977

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	bls.	1
1.1.	Tilgangur	"	1
1.2.	Framvinda	"	1
1.3.	Þakkarorð	"	1
2.	Aðferðir	"	2
2.1.	Sýnataka	"	2
2.2.	Úrvinnsla	"	3
3.	Svæðislýsing	"	4
4.	Niðurstöður	"	4
4.1.	Botngerðir	"	4
4.2.	Útbreiðsla og magn dýra	"	6
4.2.1.	Skipting botns	"	6
4.2.2.	Þéttleiki dýra	"	8
4.2.3.	Lífpungi	"	8
4.3.	Togsýni	"	9
4.4.	Tegundaskrá	"	10
5.	Alyktanir	"	28
	Heimildaskrá	"	30
	Töflur	"	31
	Myndir	"	42

1. INNGANGUR

1.1. Tilgangur.

Hér vérður gerð grein fyrir yfirlitskönnun á botndýralífi Skerjafjarðar. Rannsóknir þessar voru unnar sem hluti af stærra verkefni, er beinist að því að kanna hugsanleg **áhrif frárennslis á lífríki og umhverfispætti sjávar við Innes.** Tilgangur könnunar þeirrar, sem hér verður lýst, var að kanna magn og útbreiðslu botndýrategunda og kortleggja helztu botn-gerðir og samfélög þeirra. Slik könnun er nauðsynleg til þess að gera sér grein fyrir núverandi ástandi, til þess að hægt verði að fylgjast með breytingum í framtíðinni og til þess að hægt verði að gera tillögur um heppilega stærð og legu holræsa.

1.2. Framvinda

Rannsóknir þessar voru unnar samkvæmt samningi Samvinnunefndar um frárennslismál á höfuðborgarsvæðinu og Líffræðistofnunar Háskólags, dagsettum 22. 5, 1975, um könnun á lífríki Skerjafjarðar, og eru þær þáttur í umfangsmiklum umhverfisrannsóknum á svæðinu. Rannsóknirnar fóru fram á tímabilinu maí 1975 - desember 1976.

Lokaskýrsla um botndýralif eins og það var í júní 1975 fylgir hér á eftir. Frá öðrum þáttum Skerjafjarðarrannsókna, sem eru í umsjá Líffræðistofnunar, er skýrt í fram vinduskýrslum 1-3 en endanlegar niðurstöður þeirra rannsókna liggja ekki fyrir.

1.3. Pakkarorð

Við viljum pakka Hrefnu Sigurjónsdóttur, Bjarna Asgeirssyni og Ólafi Ástþórssyni fyrir aðstoð við töku og úrvinnslu **sýna** og Jóhannesi Briem fyrir margháttanda fyrirgreiðslu og aðstoð við sýnatöku. Enn fremur þeim Mörtu Ólafsdóttur, Smára Haraldssyni, Sveini Ingvarssyni og Valgarði Ólafssyni fyrir aðstoð við sýnatöku. Þeir Arni Einarsson, Friðrik Pálason og Kjartan Thors veittu mikilvæga og vel þegna aðstoð við úrvinnslu. Síðast en ekki sízt er okkur ljúft og skyld að pakka eftirtöldum

sérfræðingum fyrir ákvarðanir dýra: dr. Agnari Ingólfssyni prófessor (krabbadýr), Jóni Baldri Sigurðssyni (bertálknar), og dr. R.H. Millar (möttuldýr).

2. AÐFERÐIR

2.1. Sýnataka

Skerjafirði var skipt niður í reiti 500x500 m. Línurnar, sem afmarka reitina voru færðar inn á kort af Skerjafirði og tölumerktar eftir ákveðnu kerfi. Greiparsýni voru tekin á stöðvum þar sem línar skerast. Togsýni voru tekin milli nokkurs hluta greiparstöðvanna. Greipar- og togstöðvar, ásamt merkingakerfi því, sem notað var, eru sýndar á 1. mynd.

Greiparsýni voru tekin með Shipek-greip, 205x200 mm er tekur um 4 lítra. Fyrirfram ákveðnar botngreiparstöðvar urðu 71 en á sumum þeirra reyndist ekki unnt að taka sýni vegna botngerðar. Tvö sýni voru tekin á hverri stöð. Auk þeirra voru tekin kornastærðarsýni á öllum stöðvum nema 19 (3. mynd), þar sem botn var of harður. Shipek-greipin var einnig notuð til töku kornastærðarsýna. Botnsleði, 1 m á breidd, með togpoka (möskvastærð 4 mm) var dreginn eftir botninum milli tveggja greiparstöðva, þ.e. 500 m. Alls voru tekin 24 slík togsýni. Í togsýnin áttu að nást ýmis hægfara sunddýr við botn, sem slyppu undan greip. En þar sem sleðinn var dreginn eftir botni og grófst, jafnvel lítið eitt niður í mjúkan botn, kom auk þess í hann mikið magn af öðrum botndýrum.

Til sýnatöku var notaður bátur Slysavarnafélags Íslands, Gísli J. Johnsen. Greiparsýni voru tekin 18. og 19. júní en togsýni 20. júní, 1975.

Bæði tog- og greiparsýni voru sigtuð, greiparsýnin í sigti með 0.5 mm möskvastærð en togsýnin í sigti með 1.5 mm möskvastærð. Það sem eftir sat í sigtunum, lífverur og gróf botnefni, var síðan varðveisitt í blöndu af sjó og formalíni. Kornastærðarsýni voru varðveisitt í ísopropanolblöndu. Dýpi og tími á hverri stöð var skráð og athugasemdir um botngerð, botngróður og stærð sýna voru einnig skráðar jafnöðum.

2.2. Úrvinnsla

Byrjað var á að aðskilja dýrin frá þörungum og botnefnum, sem einnig höfðu setið eftir á sigtunum. Voru dýrin látin í blöndu af isopropanóli (70%), vatni (20%) og glyceroli (10%) til varðveislu. Dýr voru síðan ákvörðuð til tegunda og talin. Fáein eintök eru enn óákvörðuð til tegunda, en þau eru ekki talin skipta máli hvað varðar heildarmynd botndýralífsins. Dýr, sem tilheyrðu safnhópunum Oligochaeta, Nematoda og Nemertinea voru ekki ákvörðuð til tegunda. Er rætt er hér á eftir um ríkjandi tegundir og einkennis-tegundir er þessum safnhópum sleppt, þar eð innan hvers hóps er efalaust um margar tegundir að ræða og því erfitt að marka nokkuð af dreifingu þeirra.

Lífpungi (votvigt), p.e.a.s. alkóhólþungi, var áætlaður með því að vega þekktan fjölða einstaklinga af hverri tegund með nákvæmninni 0.0001 g og reikna síðan út meðalþunga einstaklings hverrar tegundar (tafla 5).

Kornastærð var ákvörðuð á þann hátt að sigta sýnin gegnum röð sigta með mismunandi möskvastærð. Sýnin voru fyrst þegin nokkrum sinnum í óblönduðu ísopropanóli til þess að koma í veg fyrir samloðun leirkorna (Newell 1965), síðan þurrkuð og sigtuð. Notaður var Endecott kornastærðardeilir (hristari) og sjö sigti, 20 cm í þvermál og með möskvastærðina 4.2, 1, 0.5, 0.25, 0.125 og 0.063 mm. Sigtunartími var 1-8 klst. og fór tímalengd eftir stærð sýnis og hlutfalli smárra korna í sýni. Eftir sigtun voru sýnin þurrkuð og vegin og hlutfall hvérs stærðarflokks af heildarþunga fundið.

Hluti af hverju kornastærðarsýni var notaður til þess að ákvarða magn lífræns kolefnis í sýninu. Þessi sýni voru þurrkuð og vegin og síðan brennd við 375°C í 16 klst. (Ball 1964). Sýnin voru síðan vegin aftur og hlutfall lífræns kolefnis í sýninu fundið skv. þyngdarmismun.

3. SVÆÐISLÝSING

Skerjafjörður er grunnur, skerjóttur fjörður (um 18 km², meðaldýpi um 5 m, mesta dýpi um 16 m), sem liggur inn úr Faxaflóa. Meðalhiti sjávar árið 1975 var 5.9°C, kaldast í febrúar, 1.3°C, en hlýjast, 10.7°C, í ágúst (mælt á sírita Hafrannsóknastofnunar, Reykjavíkurhöfn).

Straumar í Skerjafirði eru fyrst og fremst sjávarfallastrumar og er talið að endurnýjun sjávar í firðinum vegna sjávarfalla sé um 6-7 miljón m³ x 2 á sólarhring, eða um 1/6 af vatnsmagni hvers falls (Ísotopcentralen 1971).

Selta er um 33-34%, mest í september. Seltu og efnainnihaldi er lýst í skýrslu Jóns Ólafssonar.

Holræsi liggja út í fjörðinn víðs vegar að norðan og austan, og er áætlað skolpremsli þeirra 1976 um 200 l/sek, þ.e. um 20.000 m³/24 klst. Regnvatn sem til fjarðarins rennur um holræsi er áætlað um 9870 l/sek þ.e. um 850.000 m³/24 klst og aðkomuvatn úr lækjum ca 2000 m³/24 klst. Fjórir lækir falla til Skerjafjarðar, rennsli þeirra er ópekkt en lítið.

Botngerð Skerjafjarðar er afar mismunandi. Innan til í firðinum er aðallega leðjubotn, sand- og malarborinn á köflum og grjótflákar á stöku stað. Utar er aðallega harður botn, þakinn sandi, möl eða grjóti (2. mynd). Botnþörunga-gróður er allmikill en mjög blettóttur og fer magn gróðurs m.a. mjög eftir botngerð.

Fjörur kringum fjörðinn eru af ýmsum gerðum, grjót- og malarfjörur utan til en leirur fyrir botni fjarðarins (sjá kort í Framvinduskýrslu nr. 1, ágúst 1975).

4. NIÐURSTÖÐUR

4.1. Botngerðir

A grundvelli athugasemda, sem skráðar voru við sýnatöku var gert kort yfir helztu botngerðir í Skerjafirði og útbreiðslu hverrar um sig (2. mynd). Leðjubotn er í Lambhúsatjörn innanverðri, Arnarnesvogi, Kópavogi og Fossvogi. Samfelldur leðjubotn er út af Fossvogi út á móts við Skildinganes á Seltjarnarnesi og Eyri á Alftanesi. Malarbotn með

leðjublettum er í ytri hluta Lambhúsatjarnar og síðan harður malar- og grjótbottn á ræmu meðfram Alftanesi. Sand- og malarrif gengur frá enda Kársness yfir undir harða botninn við Alftanes. Í ytri hluta fjarðarins er sandbotn víðáttumestur og er hann talsvert blandaður möl á köflum. Grjótflákar eru meðfram Ægissíðu og Seltjarnarnesi og um miðbik fjarðarins út frá Hólmum og Lönguskerjum.

Harði botninn er víða vaxinn þara. Mestur er þara-gróðurinn á grjótbottninum en einnig nokkur á sendna botnинum. Algengasta parategundin er Laminaria saccharina (beltispari), en L. digitata (hrossapari) og L. hyperborea (stórpári) eru einnig víða. Lítið eitt af Chorda filum (skollaþveng) fannst á Lambhúsatjörn og í Suðurnesbugt. Botn Lambhúsa-tjarnar er víða vaxinn Zostera marina (marhálmi).

Niðurstöður kornastærðargreininga koma fram í töflu 1. Gefa þær svipaða mynd af botnинum og fram kom hér að ofan. Léir, þ.e. korn minni en 0.063 mm í þvermál, er svo til eingöngu innan til í firðinum. Svæði þar sem hlutfall leirkorna er 50% eða meira af sýni eru afmörkuð á 3. mynd. Á stöðvum, sem tilheyra leðjubotni skv. 2. mynd en eru utan þessara afmörkuðu svæða, var leirinn yfirleitt blandaður finum og meðal-finum sandi. Á flestum stöðvum harða botnsins innan til í firðinum var botn of harður til þess að kornastærðarsýni næðust (2. mynd). Á það einnig við um allmargar stöðvar í ytri hluta fjarðarins. Eins og sjá má af töflu 1 var ríkjandi kornastærð botns í utanverðum firðinum mjög víða sandur með malarblettum, oftast mjög sandbornum, inn í milli. Á sand-svæðunum var skeljasandur mest áberandi, en á köflum var ríkjandi svartur sandur, oft malarborinn.

Magn lífræns kolefnis í botnsýnum er sýnt á 4. mynd. Í grófum dráttum má segja, að því hærra sem hlutfall leirkorna er í sýni þeim mun hærra er hlutfall lífræns kolefnis í því. Á leðjusvæðunum er lífrænt kolefni víðast 5-11%. Á harða botnинum er lífrænt kolefni hins vegar um og innan við 1%.

4.2. Útbreiðsla og magn dýra

4.2.1. Skipting botns

Útbreiðsla og magn (fjöldi) allra dýrategunda, annars vegar úr togsýnum, hins vegar úr greiparsýnum, var kortlögð. Að grundvelli þessara útbreiðslukorta, einkum þeirra, sem byggð eru á niðurstöðum greiparsýna, var botni Skerjafjarðar skipt í þrjú aðalsvæði: leðjusvæði, innri harðan botn og ytri harðan botn (5. mynd).

Leðjusvæðið náði yfir mestallan innri hluta fjarðarins; þ.e. innri hluta Lambhúsatjarnar, Arnarnesvog, Fossvog og út á móts við Skildinganes og Eyri. Að leðjusvæðinu voru alls 20 greiparstöðvar. Mörk þess fylgdu að heita mátti útbreiðslu burstaormsins Brada villosa (19. mynd), sem hafði 100% tíðni á svæðinu (tafla 2). Utan þessa svæðis fannst tegundin á einni stöð (st. 002-27.5) en þar var malarbotn með leðjublettum á stöku stað. Aðrar ríkjandi tegundir á svæðinu (töflur 2 og 3) voru burstaormarnir Praxilella praetermissa (23. mynd), Sternaspis scutata (24. mynd), Scoloplos armiger (15. mynd) og Polydora quadrilobata (16. mynd); marflærnar Protomedieia fasciata (37. mynd) og Pontoporeia femorata (35. mynd) og samlokan Macoma calcarea (32. mynd).

Dýrasamfélög virtust lítið eitt mismunandi innan leðjusvæðisins og kom því til árita að skipta því í prentt (5. mynd), eða:

- L-1 Innri hluti Lambhúsatjarnar. Ríkjandi tegundir á svæðinu voru marflóin Pontoporeia femorata og burstaormurinn Scoloplos armiger. Annars einkenndist svæðið fyrst og fremst af tegundafæð miðað við hin leðjusvæðin.
- L-2 Arnarnesvogur og auk hans vestari hluti fjarðarins út að Eyri. Ríkjandi tegund á svæðinu var marflóin Protomedieia fasciata en helztu einkennistegundir burstaormurinn Maldane sarsi (22. mynd) og samlokan Astarte cf. montagui (30. mynd).
- L-3 Austari hluti fjarðarins; Fossvogur út undir Skildinganes. Ríkjandi tegundir á svæðinu voru burstaormurinn Polydora quadrilobata, marflóin Protomedieia fasciata og

samlokutegundir af ættkvíslinni Mya (33. mynd). Ein-kennandi tegundir fyrir svæðið voru helztar samlókan Thyasira flexuosa (31. mynd) og burstaormurinn Poly-cirrus medusa (27. mynd).

Margt gæti hugsanlega valdið mismunandi tegundasamsetningu innan leðjusvæðisins. Nefna má, að flest þau dýr, sem sýna mismunandi útbreiðslu milli t.d. L-2 og L-3, eru leðju-ætur eða síarar. Veldur kornastærð botns því miklu í sam-bandí við fæðuskilyrði og útbreiðslu þessara dýra (Newell 1965). Kjörkornastærðarsvið flestra þessara tegunda er lítt þekkt en geta má þess, að þéttleiki Macoma balthica á suður-strönd Englands minnkaði um helming er meðalþvermál korna óx frá 0.025 upp í 0.05 mm (Newell 1965). Í þessari könnun voru korn minni en 0.063 mm í þvermál ekki sundurgreind svo ekki er vitað um stærðardreifingu smærri korna á leðjusvæðum Skerjafjarðarbotns.

Taka ber fram, að stungið er upp á þeirri skiptingu leðjusvæðisins, er lýst er hér að ofan, sem mögulegri á grundvelli tegundasamsetningar botndýralífsins en framkvæma þyrfti ýstarlegri rannsóknir til þess að komast að raun um, hvort hún sé raunhæf eða ekki. Því verður leðjusvæðið allt meðhöndlað sem ein heild hér á eftir.

Í Kópavogi voru tvær greiparstöðvar. Þær voru báðar uppi í fjöru (dýpi <1 m). Getur því mynd sú, sem þær gefa vart talist einkennandi fyrir botndýralíf vogsins né sam-bærileg við niðurstöður frá öðrum stöðvum. Þessum stöðvum er því sleppt í öllum reiknuðum niðurstöðum. Þess má geta, að leðjubotn var á báðum stöðvum, sand- og malarborinn á þeirri ytri. Megn H_2S lykt var af þessum sýnum, en hennar varð annars lítt vart nema á stöð 004.5-27.5. Meira fannst af burstaorminum Capitella capitata á innri Kópavogsstöðinni heldur en á nokkurri annarri stöð, eða 268 eintök/m². Þessi fjöldi er engan veginn mjög mikill en samt meiri en á öðrum stöðvum í firðinum. C. capitata er talin pola mengun mjög vel (Hartmann-Schröder 1971).

Innri harði botninn nær yfir ytri hluta Lambhúsatjarnar og ræmu meðfram Gálgahrauni og strönd Álfstaness. Ennfremur telst til hans rif er liggur til vesturs í framhaldi af

Digranesi. Ríkjandi tegundir á svæðinu voru möttuldýrið Styela rustica (39. mynd) og marflóin Corophium bonelli (38. mynd). Annars einkenndist svæðið nokkuð af tegundafæð miðað við harða botninn í ytri hluta fjarðarins.

Ytri harði botninn nær yfir allan ytri hluta fjarðarins utan við leðjusvæðið. Þess ber að geta að botngreip er afar óhentugt tæki til rannsókna á hörðum botni. Gefa því niðurstöður greiparsýna af hörðum botni ófullkomna mynd af lífríki þeirrar botngerðar. Ríkjandi tegund á ytri harða botninum var Mytilus edulis (kræklingur) (29. mynd). A sendnari svæðum var burstaormurinn Chaetozone setosa (18. mynd) ein kennandi tegund og kom til greina að skipta svæðinu í sandsvæði og harðari botn (5. mynd) skv. útbreiðslu þessarar tegundar en sú skipting var þó ekki talin raunhæf vegna þess, hve greiparsýninn gáfu takmarkaða mynd af dýralífi harða botnsins. Margar tegundir áfánu (epifauna) fundust á harða botninum en flestar í litlu magni.

4.2.2. Péttleiki dýra (tafla 2)

Aætlaður fjöldi einstaklinga á fermetra er sýndur á 6. mynd. Péttleiki dýra er að jafnaði mestur á leðjusvæðinu, 3828 dýr/m^2 . Mest áberandi er marflóin Protomedieia fasciata, $737/\text{m}^2$ en næst koma burstaormarnir Polydora quadrilobata $355/\text{m}^2$, Scoloplos armiger, $302/\text{m}^2$ og Praxilella praetermissa, $293/\text{m}^2$. Á ytri harða botninum er péttleiki dýra mjög misjafn en að jafnaði 1708 dýr/m^2 . Langmest var af Mytilus edulis (kræklingi), $960/\text{m}^2$, en hann var mjög misdreifður eftir stöðvum. Næstur kræklingi að fjölda var burstaormurinn Harmothoe imbricata (11. mynd), $226/\text{m}^2$. Péttleiki dýra á innri harða botninum var minnstur að jafnaði eða 1095 dýr/m^2 . Marflóin Corophium bonelli leggur mest til þessa fjölda, eða $374/\text{m}^2$, en möttuldýrið Styela rustica næstmest, $185/\text{m}^2$.

4.2.3. Lífpungi

Við ákvörðun lífpunga á fermetra voru dýrategundirnar flokkaðar í tvö hópa, ífánu (infauna, tegundir, sem lifa í botni) og áfánu (epifauna, tegundir, sem lifa á botni). Til ífánu voru taldir allir ormar og krabbadýr og nokkrar tegundir lindýra, nánar tiltekið samlokurnar Macoma calcarea, Thyasira flexuosa, Mya arenaria, Mya truncata og þrjár tegundir af

ættkvíslinni Astarte. Til áfánu voru talin öll skrápdýr og möttuldýr svo og lindýr önnur en þær tegundir, sem áður gat. Þessi skipting er mjög gróf en er talin flokka rétt flestar tegundir, sem hafa teljandi áhrif á lífpunga. Lífpungi (g/m^2 votvigt) er sýndur á 9. og 10. mynd.

Lífpungi ífánu (tafla 3) var áberandi mestur á leðju-svæðinu, 153 g/m^2 að meðaltali. Ríkjandi tegundir miðað við lífpunga voru samlokurnar Macoma calcarea, um 36% og Mya spp., um 10%, burstaormarnir Praxilella praetermissa, um 14%, Brada villosa, 11% og Sternaspis scutata, um 7%.

Meðallífpungi ífánu á innri harða botninum var 12 g/m^2 . Ríkjandi tegundir voru burstaormarnir Nereis pelagica, um 25%, Harmothoe imbricata, um 8%, Brada inhabilis, um 6% og Amphitrite cirrata, um 6%.

A ytri harða botninum var meðallífpungi ífánu 9 g/m^2 . Ríkjandi tegundir voru burstaormarnir Ophelia limacina, um 15%, Nereis pelagica, um 15% og Amphitrite cirrata, um 8% svo og þanglúsin Idotea baltica, um 10%.

Afána (tafla 4) er mun meiri á harða botninum heldur en á leðjubotninum (10. mynd) og mest að jafnaði á ytri harða botn-inum, 1667 g/m^2 . Ríkjandi tegund miðað við lífpunga var Mytilus edulis (kræklingur), um 86% en Modiola modiolus (aða) lagði um 12% að mörkum í heildarlífpunga svæðisins.

Meðallífpungi áfánu á innri harða botninum var 219 g/m^2 . Ríkjandi tegund var möttuldýrið Styela rustica, er lagði til um 85% af heildarlífpunga svæðisins. Á leðjusvæðinu var meðallífpungi áfánu 24 g/m^2 og Mytilus edulis (kræklingur) ríkjandi tegund, samsvaraði um 75% af heildarlífpunga en möttuldýrið Pelonaia corrugata lagði til um 13% af heildarlífpunga svæðisins.

4.3. Togsýni

Algengustu dýrategundir í togsýnum eru skráðar í töflu 6. Í togsýnum voru krabbadýr mest áberandi. Einna algengastar voru margar tegundir marflða, en flestar þeirra komu einnig fram í greiparsýnum. Einnig voru algeng ýmis stærri krabbadýr svo sem rækju- og þanglúsartegundir og voru flestar þeirra mjög sjaldgáfar í greiparsýnum eða komu alls ekki fyrir þar.

Fiskar komu fram í togsýnum og var þar mest af þorskseiðum á fyrsta ári, sem virtust halda sig á harða botninum og hrognkelsaseiðum, sem voru dreifð um allan fjörð. Í togsýni kom og mikið af hægfara yfirborðsdýrum s.s. sniglum, skrápdýrum og burstaormum. Upplýsingar, sem fengust úr togsýnum komu að gðum notum til styrktar og uppfyllingar í niðurstöður greiparsýna varðandi útbreiðslu tegunda. Virtist alla jafna allgöð samsvörun milli þeirra upplýsinga er fengust með þessum tveimur aðferðum a.m.k. þegar um yfirborðsdýr var að ræða.

4.4. Tegundaskrá

Hér fer á eftir yfirlit yfir útbreiðslu og magn þeirra botndýrategunda í Skerjafirði, sem fundist hafa við rannsókn þessa. Er tegundaskrá miðuð við 1. desember 1976. Greiparstöðvar eru auðkenndar með tölustöfum en togstöðvar með bókstafnum T auk tölustafa. Staðsetning tog- og greiparstöðva er sýnd á 1. mynd. Myndir nr. 10-40 eru byggðar á niðurstöðum greiparsýna og sýna útbreiðslu algengustu tegunda. Er vísað í þær, þar sem getið er um viðkomandi tegund. Uppgefinn fjöldi einstaklinga á fermetra er ætið áætlaður á grundvelli niðurstaðna úr greiparsýnum. Uppgefinn fjöldi einstaklinga í togsýnum er ýmist byggður á beinni talningu eða áætlaður samkvæmt talningu úr hlutsýni (subsample). Nafngiftir og röðun ætta er samkvæmt Zoology of Iceland sé viðkomandi tegund þar að finna.

Burstaormar:

1. Aphrodite aculeata (L.). Eitt eintak. St. T-17.
2. Gattyana cirrosa (Pallas). Tvö eintök. St. T-22 og T-24.
3. Harmothoe imbricata (L.). Algeng um allan fjörð, 12-170 einstaklingar/ m^2 (11 mynd). Mikill hluti eintaka var ungviði.
4. Lagisca extenuata (Grube). Víða, á öllum botngerðum.
5. Lepidonotus squamatus (L.). Víða, einkum á hörðum botni.
6. Pholoë minuta (O. Fabricius). Algeng á leðjubotni, 12-120/ m^2 , óvíða á hörðum botni (12. mynd).
7. Pisione remota Southern. Eitt eintak í greip á sandbotni, st. 007.5-28. Fannst í fyrsta skipti við Ísland í Ósum,

- Gull. 1973 (Helgi Guðmundsson 1974).
8. Phyllodoce maculata (L.). Um allan fjörð, algengari í leðju heldur en á hörðum botni, $12-280/m^2$ (13. mynd).
 9. Eulalia viridis (L.). Atta eintök. Öll á hörðum botni. St. 005-28, 006-27.5, 006.5-27, T-5, T-7, T-15 og T-20.
 10. Eumida sanguinea (Örsted). Ellefu eintök. Öll á hörðum botni, þar af sex eintök í þöngulhaus á stöð 006-27.5. Auk þess á st. 005.5-29.5, 007-27, T-4 og T-12.
 11. Eteone longa (O. Fabricius). Viða, á öllum botngerðum, $12-50/m^2$ (14. mynd).
 12. Nereimyra punctata (O.Fr. Müller) (= Castalia punctata). Viða, á öllum botngerðum.
 13. cf. Kefersteinia sp. Eitt eintak. St. T-24.
 14. Syllis cornuta Rathke. Fimm eintök. St. 003-28.5, 004-28, 004-29 og 004.5-27.5, leðjubotn og st. 007.5-28, sandbotn.
 15. Syllis armillaris (O.Fr. Müller). Fimmtán eintök. Á hörðum botni. St. 003-29.5, 005-28, 007-27, T-7, T-10 og T-15.
 16. Sphaerosyllis erinaceus Claparéde. Þrjú eintök í greip. St. 002-28.5 og 003-29. Mörg eintök í togsýnum í T-19, T-20, T-21, T-23 og T-24. Leðjubotn og blandaður botn. Hefur fundist á prem stöðum hér við land; í Ósum, Gull. (Helgi Guðmundsson 1974) og á tveim stöðum fyrir Austurlandi (Wesenberg-Lund 1951, sem S. latipalpis Levinsen).
 17. Exogone verugera (Claparéde). Prettán eintök. Á leðju-botni. St. 002-28.5, 002.5-28.5, 003-28.5, 004.5-27.5 og T-20. Ekki fundin áður við Ísland.
 18. Nereis pelagica L. Allvíða á hörðum botni. Hlutdeild í lífþyngd ífánu harða botnsins há, um 25% á HI og um 15% á HY (tafla 3). Meðalþéttleiki 10 einst./ m^2 og tíðni 33% á HI en 5 einst./ m^2 og 9% tíðni á HY (tafla 2).
 19. Nephrys sp. Eitt eintak. St. 006-27.
 20. Sphaerodorida minutum (Webster & Benedict). Tvö eintök. St. 001.5-28.5, leðjubotn og st. 004.5-29, sandbotn. Ekki fundin áður við Ísland.

21. Glycera sp. Eitt eintak. St. 007.5-28.
22. Ophryotrocha cf. puerilis siberti (McIntosh). Eitt eintak. St. T-23. Ekki getið áður við Ísland en fleiri eintök þessarar tegundar hafa fundist í Arnarnesvogi 1975 og 1976.
23. Scoloplos armiger (O. Fr. Müller). Mjög algengur í öllum firðinum, $12-1300/m^2$, en þó mest áberandi á leðjubotni (15. mynd).
24. Naineris quadricuspida (O. Fabricius). Algengur í öllum firðinum, $12-1290/m^2$.
25. Apistobranchus tullbergi (Théel). Sjö eintök. Leðjubotn, St. 002.5-28.5, 003-28.5, 003-29.5, 003.5-29 og 004-29. Áður fundin á þrem stöðum við Ísland; í Skarðsfirði. (Skardaria fragmentata, Wesenberg-Lund 1951), Eyjafirði og Hvalfirði.
26. Scololepis girardi (Quatrefages). Nokkur eintök á sand- og malarbotni dreift um fjörðinn.
27. Laonice cirrata (M. Sars). Fjögur eintök. St. 002-28.5, 002.5-28.5, og 004-28.5, leðjubotn og 004.5-28, sandbotn.
28. Spiophanes bombyx (Claparéde). Eitt eintak. Sandbotn. St. 006.5-27.
29. Spio spp. Mörg eintök viða um fjörðinn, bæði á hörðum og mjúkum botni. Í mörgum tilfellum er sennilega um að ræða Spio filicornis (O.Fr. Müller). En ættkvíslin er erfið viðfangs og eru aðrar tegundir e.t.v. innan um (Helgi Guðmundsson, munnl. uppl.).
30. Polydora ciliata (Johnston). Eitt eintak. Sandbotn. St. T-14.
31. Polydora quadrilobata Jacobi. Mjög algeng á leðjubotnnum, $12-1415/m^2$ og 85% tíðni (16. mynd). Nær meiri meðalþéttleika ($355 \text{ einst.}/m^2$) á leðjusvæðinu en nokkur önnur burstaormstegund (tafla 2).
32. Polydora spp. Allmörg eintök ógreind viða úr firðinum.

33. Pygospio elegans Claparéde.. Allvíða, mest á mjúkum botni á grynningum; Kópavogur, Lambhúsatjörn.
34. Aricidea jeffreysii (McIntosh). Algeng, $12-340/m^2$, á leðjusvæðinu nema í Fossvogi.
35. Cirratulus cirratus (O.Fr. Müller). A blönduðum botni. Alls 10 eintök. St. 002.5-28, 003-29, 003.5-28.5, 006-27.5 og 008-29.
36. Chaetozone setosa Malmgren. Á hörðum botni, einkum sandbotni, $12-760/m^2$ (18. mynd).
37. Flabelligera affinis M. Sars. Eitt eintak á st. T-7, harður botn og tvö eintök á st. T-24, blandaður botn.
38. Flabelligeridae: Genus sp. Eitt eintak. St. 004-29.
39. Brada villosa Rathke. Útbreiddasta leðjubotnstegundin (100% tíðni á leðjubotninum) og fylgir mörkum hans að heita má (19. mynd). Péttleiki er allmikill, $12-290/m^2$, og hlutdeild tegundarinnar í heildarlífþunga ífánu leðju-svæðisins er mikil, eða um 11% (tafla 3).
40. Brada inhabilis (Rathke). Hefur svipaða útbreiðslu og B. villosa en er miklu sjaldgæfari.
41. Scalibregma inflatum Rathke. Þrjú eintök. St. 005-27,5 og 007-27.5. Malar- og sandbotn.
42. Scalibregmidae: Genus sp. Eitt eintak. St. T-7.
43. Ophelia limacina Rathke. Allalgeng á sand- og malarbotni utanvert í firðinum. Hlutdeild í heildarlífþunga ífánu HY um 15% (tafla 3) en meðalpéttleiki tegundarinnar á því svæði er $6/m^2$ og tíðni 12% (tafla 2).
44. Ammotrypane aulogaster Rathke. Aðallega utan til á leðju-botninum og í Fossvogi, $12-100/m^2$. (20 mynd).
45. Capitella capitata. (O. Fabricius). Viða og á öllum botn-gerðum en tiltölulega fá eintök, $10-60/m^2$, á hverjum stað nema st. 001-29 (Kópavogur) $270/m^2$. Þessi tegund þolir vel mengun, cf. Hartmann-Schröder 1971, og er oft í miklu magni á menguðum svæðum. Tegundin er torveld í greiningu og breytileg (Grassle & Grassle 1976), og gæti e.t.v. verið um fleiri en eina tegund að ræða í Skerjafirði.

46. Heteromastus filiformis (Claparéde). Afar algengur á öllum botngerðum, $12-730/m^2$ (21. mynd).
47. Arenicola marina (L.). Tvö eintök. St. T-23 og T-24. Algengur á leirum kringum fjörðinn.
48. Rhodine gracilior Tauber. Leðjubotn, $10-330/m^2$. St. 001.5-28, 002-28.5, 002.5-28.5, 003-28.5, 003-29, 003.5-29, 003-29.5 og 004-28.
49. Nicomache sp. Þrjú eintök. St. 005-27.5, 005-28 og T-7. Sandbotn með steinum og þara.
50. Petaloprocus tenuis var borealis Arwidsson. Níu eintök. St. 002.5-28.5, 003-28.5 og T-20. Sandblandinn leðjubotn. Aður fundin í Ósum, Gull. (Helgi Guðmundsson 1974).
51. Praxilella praetermissa Malmgren. Mjög algeng víðast hvar á leðjubotninum, (23. mynd). Tíðni þar 75% og meðalþéttleiki/ m^2 293 (tafla 2). Hlutdeild tegundarinnar í heildarlífþunga ífánu leðjusvæðisins er um 14% (tafla 3).
52. Maldane sarsi Malmgren. Einkennistegund á miðhluta leðjusvæðisins sunnan Digraness, $12-1800/m^2$. Fannst ekki í Fossvogi (22 mynd).
53. Owenia fusiformis Delle Chiaje. Eitt og eitt eintak á sandblöndnum leðjubotni.
54. Sternaspis scutata Ranzani. Útbreidd tegund á leðjusvæðinu (24. mynd). Meðalþéttleiki á leðjusvæðinu var $207/m^2$ (tafla 2). Hlutdeild í heildarlífþunga ífánu svæðisins var um 7% (tafla 3).
55. Pectinaria sp. Á öllum botngerðum víða um fjörðinn (25 mynd).
56. Ampharete acutifrons (Grube). Víða á leðjubotni, $12-100/m^2$ (26. mynd).
57. Amphitrite cirrata O.Fr. Müller. Allmög eintök dreift á hörðum botni.
58. Nicolea zostericola Örsted (N. venustula, Wesenberg-Lund 1951). Allalgeng um allan fjörðinn. Kom einkum fram í togsýnum (þöngulhausar).

59. Pista maculata (Dalyell). Tvö eintök. St. 003-29 og T-7, Harður botn.
60. Polycirrus medusa Grube. Viða innan til í firðinum, bæði á hörðum botni og leðjubotni (27. mynd). A einni stöð (006-27.5) utan til í firðinum. Virðist, skv. togsýnum, langalgengastur í Fossvogi (u.p.b. 10. þús. eintök í T-21).
61. Terebellides ströemi M. Sars. Fjögur eintök. St. 004.5-28, sandbotn, st. T-15, á mörkum sand- og leðjubotns og T-17, leðjubotn.
62. Terebellidae spp. Sex eintök. Af sand- og leðjubotni.
63. Sabella crassicornis M. Sars. Eitt eintak St. T-15, sand-eða leðjubotn.
64. Potamilla reniformis (O.Fr. Müller). A þrem stöðvum á hörðum botni. St. 005-28, 006-27.5 og T-22, 15 eintök alls. Skv. Hermanni Einarssyni (1941) er þessi tegund mjög algeng í Faxaflóa.
65. Fabricia sabella (Ehrenberg). A fjórum stöðvum, allmörg eintök. St. 001-29, 001.5-29, 008.5-28.5 og 008.5-29. A þessum stöðvum öllum er dýpi innan við einn metra.
66. Sabellidae spp. A leðjubotni, nema á st. 006-27.5 (28 mynd). I flestum tilfellum er sennilega um að ræða Laonome kröyeri Malmgren, en ekki útilokað, að fleiri tegundir leynist innan um.
67. Chitinopoma groenlandica (Mörch). Nokkur eintök á para, St. 003-29.
68. Spirorbis spp. Mjög víða á para (Laminaria), sennilega mest Spirorbis spirillum (L.).

Auk ofantalinnar burstaorma eru fáein eintök víða að úr firðinum enn ógreind til ættar og verða ekki talin hér.

Lindýr:

69. Tonicella marmorea (O. Fabricius), flekkunökkvi. Fjórtán eintök alls í 7 togsýnum. Harður botn.

70. Tonicella rubra (L.), rauðnökkvi, (Trachydermon ruber, Zool. Icel.). Þrjú eintök, st. 006.5-29, T-5 og T-11. Harður botn.
71. Ischnochiton albus (L.), ljósnökkvi, (Trachydermon albus Zool. Icel.). Sex eintök alls á 5 stöðvum. Harður botn.
72. Puncturella noachina (L.), ljóramotra. Fjögur eintök, st. 003-29.5, T-10 og T-19. Harður og blandaður botn.
73. Helcion pellucidum (L.), parahetta. Fékkst eingöngu í togsýnum á parasvæðum utarlega í firðinum, 11 eintök. (St. T-1, T-2, T-3, T-4, T-5, T-7, T-10).
74. Acmaea testudinalis (O.F. Müller), olnbogaskel. Á hörðum botni um allan fjörðen péttleiki hvergi mjög mikill, mest $60/m^2$.
75. Acmaea virginea (O.F. Müller), meyjarhetta. Þrjú eintök, st. T-4 og T-10. Harður botn.
76. Margarites groenlandicus (Chemnitz), baugasilfri. Fannst um allan fjörðinn nema í Fossvogi. Sjaldgæfur í ytri hluta fjarðarins en algengur (10-190/tog) í syðri og innri hluta hans meðfram Álfanesi og inn í Arnarnesvog undan Gálghrauni.
77. Margarites helicinus (Phipps), gljásilfri. Algengur (10-250/tog) í ytri hluta fjarðarins, Fossvogi og undan Gálghrauni. Bæði M. groenlandicus og M. helicinus. komu aðallega fram í togsýnum.
78. Gibbula tumida (Montagu), fédugga. Tvö eintök, st. T-2. Harður botn.
79. Moelleria costulata (Möller), gróttudoppa. Eitt eintak, st. T-23. Lifandi eintök eru sjaldgæf í Faxaflóða.
80. Lacuna divaricata (O. Fabricius), parastrútur. Algeng, (15-380/tog) á parasvæðum harða botnsins. Kemur sjaldan fram í greiparsýnum.
81. Onoba aculeus (Gould), baugasnotra. Sjaldgæf á hörðum botni en algeng á leðjusvæðinu. St. T-23 og T-24 1000-2000 einst. en u.p.b. 40000 í T-21. Annars

- staðar innan við 1000 einst./tog. Tegundin kom óviða fram í greiparsýnum.
82. Hydrobia sp. (cf. ventrosa (Montagu)). Tvö eintök (lifandi?) á st. T-23. Tegundin ekki fundin áður við sunnanverðan Faxaflóa en hefur síðan fundist á fjörum við Gálgahraun.
83. Skeneopsis planorbis (Fabricius), mærudoppa. Þrjú eintök, st. 002-28.5 og T-19. Leðjubotn og blandaður botn.
84. Lunatia pallida (Broderick & Sowerby), grænlandspoppa. Allviða á leðjusvæðinu. Sjö eintök alls í greip, en u.p.b. 100 alis í togsýnum.
85. Natica clausa Broderick & Sowerby, meyjarpatta. Viða á hörðum botni (tog og greip). Kom einnig fram á leðjubotni í togsýnum.
86. Boreotrophon clathratus (L.), kambdofri. Í togsýnum viða um fjörðinn, þó algengari á leðjusvæðum heldur en hörðum botni, (mest 20 einst./tog).
87. Boreotrophon truncatus (Ström), gáradowfri. Eitt eintak, st. T-4. Harður botn.
88. Thais lapillus (L.), nákuðungur. Þrjú eintök, st. 008.5-29 og T-10. Harður botn.
89. Buccinum undatum L., beitukóngur. Allalgengur, einkum í syðri og innri hluta fjarðarins, bæði á hörðum botni og mjúkum. Kom fram bæði í tog- og greiparsýnum (mest 55 einst./tog).
90. Lora pyramidalis (Ström), vörðubeli. Algengur í togsýnum innan til í firðinum en kom ekki fram í greip. Mest 120 einst./tog í T-23.
91. Diaphana hyalina (Turton), bólusoppa. St. T-21, 100 einst. og T-23, 7 einst..
92. Dendronotus frondosus (Ascanius). Þrjú eintök, st. T-7, T-8 og T-15. Harður botn.
93. Cadlina laevis (L.). Þrjú eintök, st. T-22 og T-23. Leðjubotn og blandaður botn.

94. Onchidoris muricata (Müller). Viða. A öllum botngerðum. Kom svo til eingöngu fyrir í togsýnum (mest 23 einst./tog). Algengasta bertálknategundin í Skerjafirði.
95. Adalaria proxima (Alder & Hancock). Eitt eintak, st. T-22. Blandaður botn.
96. Acanthodoris pilosa (Abildgaard). Kom fyrir í allmörgum togsýnum í ytri hluta fjarðarins, mest 13 einst./tog. Harður botn.
97. Polycera dubia M. Sars. Þrjú eintök, st. T-10 og T-11. Harður botn.
98. Ancula cristata Alder. Eitt eintak, st. T-20. Blandaður botn.
99. Coryphella sp. Kom fyrir í togsýnum viða um fjörðinn á hörðum og blönduðum botni (mest 7 einst./tog).
100. Aeolidia papillosa (L.). Fimm eintök, st. T-12, T-20 og T-22. Blandaður botn.
101. Crenella decussata (Montagu), auðnuskel. Sjaldgæf á hörðum botni (3 eintök), en algengari á leðjubotni. Langþéttust á st. T-23, 1200-1300 eintök.
102. Modiola modiolus (L.), aða. Í nokkrum tog- og greiparsýnum á hörðum botni. Sennilega mjög algeng þar sem botn er grýttur eða vaxinn þar, en næst illa með þeim söfnunaraðferðum, sem notaðar voru. Hlutdeild tegundarinnar í heildarlífþunga áfánu harða botnsins ytri var um 12% (tafla 4), og meðalþéttleiki tegundarinnar á því svæði var 5 einst./m². Tíðni var 9% (tafla 2).
103. Modiolaria discors (L.), silkihadda. Hér og hvar í firðinum á ýmsum botngerðum. Fá eintök í stað.
104. Modiolaria nigra (Gray), dökkhadda. Eingöngu innan til í firðinum á leðjubotni og blönduðum botni (mest 150 einst./tog).
Modiolaria ungvíði. Níutíu eintök, of smá til þess að unnt væri að greina þau til tegunda, komu fyrir í togsýnum í innri hluta fjarðarins.
105. Mytilus edulis L., kræklingur. Mjög algengur á harða botninum utan til í firðinum, þéttleiki allt að 30000 ?)

